

19. janúar.

53

Nr. 22.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 164 frá 7. október 1949, um barnavernd í Húsavík.

1. gr.

Fyrri mgr. 4. gr. orðist þannig:

Börnum á barnaskólaaldri er bannað að vera á almannaferi eftir klukkan 20 og unglingum innan 16 ára eftir klukkan 22 á tímabilinu frá 1. sept. til 30. apríl, nema í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

26. janúar.

Nr. 23.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1962:

Kjósarsýsla.

Teigur, nýbýli í landi Sólvalla og Efrahvols, Mosfellshreppi.

Borgarfjarðarsýsla.

Litlihvammur, nýbýli í landi Breiðabólstaðar, Reykholtshreppi.

Laugateigur, nýbýli í landi Bæjar, Andakílhreppi.

Kringlumelur, hús á erfðafestulóð í landi Lambhaga II, Skilmannahreppi.

Breiðagerði, nýbýli í landi Breiðabólstaðar, Reykholtshreppi.

Brennistaðir II, nýbýli í landi Brennistaða, Reykholtshreppi.

Nýjabær II, nýbýli í landi Nýjabæjar, Andakílhreppi.

Langholt, nýbýli í landi Laugarholts og eyðibýlisins Langholts, Andakílhreppi.

Snæfellsnessýsla.

Litlafell, nýbýli í landi Helgafells, Helgafellssveit.

B 8